**125. löggjafarþing 1999–2000.**
**Þskj. 926 — 454. mál.**

# Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Margrétar K. Sverrisdóttur um fjölda starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og veitingu húsnæðislána í kjördæmum.

1. *Hver er fjöldi starfsmanna á vegum sveitarfélaga í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?*

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur safnað upplýsingum um fjölda stöðugilda í sveitarfélögunum annað hvert ár og má sjá hver hann var árin 1990 og 1998 í töflunni hér á eftir. Verið er að taka saman upplýsingar um stöðugildi árið 2000 og er sveitarfélögunum ætlað að skila þeim til sambandsins fyrir 15. apríl nk. Rétt er að vekja athygli á því að sveitarfélögin tóku alfarið við rekstri grunnskóla árið 1996 og urðu kennarar þá starfsmenn sveitarfélaganna.

| | **Stöðugildi 1. janúar 1990** | **Stöðugildi 1. janúar 1998** | **Fjölgun stöðugilda** |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.603 | 7.295 | 2.692 |
| Reykjanes | 1.795 | 3.077 | 1.282 |
| Vesturland | 274 | 671 | 397 |
| Vestfirðir | 268 | 460 | 192 |
| Norðurland vestra | 196 | 462 | 266 |
| Norðurland eystra | 813 | 1.805 | 992 |
| Austurland | 281 | 651 | 370 |
| Suðurland | 429 | 1.018 | 589 |
| **Samtals** | **8.659** | **15.439** | **6.780** |

2. *Hver er fjöldi starfsmanna á vegum ríkisins í einstökum kjördæmum og hvernig hefur hann breyst síðustu tíu ár?*

Fyrirspurn um fjölda starfsmanna ríkisins er rétt að beina til fjármálaráðherra. Félagsmálaráðuneytið hefur ekki þessar upplýsingar.

3. *Hvernig hefur veitingu húsnæðislána verið háttað síðustu tíu ár, sundurliðað eftir kjördæmum?*

Leitað var til Íbúðalánasjóðs um svör við þessum lið og má sjá þau í meðfylgjandi töflu. Bent skal á að tölur fyrir 1999 eru bráðabirgðatölur þar sem ársuppgjör er ekki frágengið.

**Veitt lán í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna og samþykkt húsbréfaviðskipti í húsbréfadeild hjá Húsnæðisstofnun ríkisins og Íbúðalánasjóði 1990–1999.**

(Fjárhæðir í millj. kr.)

| | 1990 | % | 1991 | % | 1992 | % | 1993 | % | 1994 | % | 1995 | % | 1996 | % | 1997 | % | 1998 | % | 1999 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.069 | 44,7 | 10.306 | 43,3 | 8.855 | 41,7 | 5.274 | 39,4 | 7.960 | 44,5 | 6.421 | 42,4 | 7.353 | 45,0 | 7.426 | 42,0 | 12.075 | 43,0 | 16.004 | 44,0 |
| Reykjanes | 5.526 | 30,6 | 7.409 | 31,1 | 6.974 | 32,8 | 4.633 | 34,5 | 5.712 | 32,0 | 5.445 | 35,9 | 5.426 | 33,0 | 6.675 | 38,0 | 9.477 | 34,0 | 12.192 | 34,0 |
| Vesturland | 387 | 2,1 | 711 | 3,0 | 601 | 2,8 | 436 | 3,3 | 733 | 4,1 | 394 | 2,6 | 617 | 4,0 | 576 | 3,0 | 1.008 | 4,0 | 1.495 | 4,0 |
| Vestfirðir | 397 | 2,1 | 540 | 2,3 | 626 | 2,9 | 266 | 2,0 | 334 | 1,9 | 311 | 2,1 | 287 | 2,0 | 217 | 1,0 | 723 | 3,0 | 489 | 1,0 |
| Norðurland vestra | 369 | 2,0 | 512 | 2,2 | 472 | 2,2 | 271 | 2,0 | 313 | 1,8 | 256 | 1,7 | 207 | 1,0 | 248 | 1,0 | 620 | 2,0 | 465 | 1,0 |
| Norðurland eystra | 1.900 | 10,5 | 2.259 | 9,5 | 1.783 | 8,4 | 1.205 | 9,0 | 1.266 | 7,1 | 1.173 | 7,7 | 1.317 | 8,0 | 1.637 | 9,0 | 2.353 | 8,0 | 3.243 | 9,0 |
| Austurland | 544 | 3,0 | 804 | 3,4 | 809 | 3,8 | 530 | 4,0 | 437 | 2,4 | 325 | 2,1 | 377 | 2,0 | 338 | 2,0 | 538 | 2,0 | 834 | 2,0 |
| Suðurland | 845 | 4,0 | 1.275 | 5,4 | 1.118 | 5,3 | 779 | 5,8 | 1.121 | 6,3 | 821 | 5,4 | 862 | 5,0 | 711 | 4,0 | 1.102 | 4,0 | 1.661 | 5,0 |
| **Samtals** | **18.035** | 100,0 | **23.815** | 100,2 | **21.237** | 99,9 | **13.394** | 99,9 | **17.875** | 100,1 | **15.147** | 99,9 | **16.446** | 100,0 | **17.827** | 100,0 | **27.896** | 100,0 | **36.383** | 100,0 |
| **Framreiknað miðað við bygginarvísitölu 1. desember 1999** | **24.509** | | **30.067** | | **26.557** | | **16.202** | | **21.242** | | **17.473** | | **17.865** | | **18.680** | | **28.548** | | **36.383** | |

Athuga skal að húsbréfakerfið var tekið í notkun í nóvember 1989 en veitt voru lán samkvæmt kerfinu frá 1986 fram í mars 1994 vegna langs afgreiðslutíma lánsloforða.

Heimildir: Ársskýrslur Húsnæðisstofnunar ríkisins 1990–97 og tölfræðigögn Íbúðalánasjóðs.